

starfs**afl**

Ársskýrsla

2018



Ársskýrsla 2018

Um Starfsafl

Starfsafl – starfsmennt Samtaka Atvinnulífsins og Eflingar stéttarfélags, Verkalýðsfélagsins Hlífar og Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis, nefnt Flóabandalagið, varð til í tengslum við kjarasamninga vorið 2000. Þá var samið um stofnun sérstaks sjóðs sem ætlað er að byggja upp menntun almennra starfsmanna fyrirtækja.

Skipan stjórnar og skrifstofu

Stjórn sjóðsins er skipuð 6 mönnum, þremur frá Samtökum atvinnulífsins og þremur frá Flóabandalaginu.

Fulltrúar Flóabandalagsins 2018

Fjóla Jónsdóttir, formaður stjórnar frá september 2018 (Efling)

Kolbeinn Gunnarsson (Hlíf)

Jóhann R. Kristjánsson (VSFK)

Fulltrúar Samtaka atvinnulífsins 2018

Hlíf Böðvarsdóttir

Friðrik Friðriksson

Bergþóra Halldórsdóttir (til desember 2018)

Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir (frá desember 2018)

Varamenn Samtaka atvinnulífsins

Ragnar Árnason (SA)

Varamenn Flóabandalagsins

Linda Baldursdóttir (Hlíf)

Sigurrós Kristinsdóttir (Efling)

Starfsfólk

Lísbet Einarsdóttir, framkvæmdastjóri.

Eva Björk Guðnadóttir, afgreiðsla umsókna og bókhald.

Þá kaupir Starfsafl þjónustu af skrifstofu Eflingar, svo sem vegna símsvörunar, tölvuþjónustu og afgreiðslu einstaklingsstyrkja.

Skipulag og starfshættir

Meginmarkmið Starfsafls er að styðja við menntun félagsmanna, einstaklingsbundið eða innan fyrirtækja, á starfssvæði sjóðsins. Að því sögðu getur stuðningur sjóðsins falist í ýmskonar fjármögnun verkefna, þróun menntunarúrræða, þarfagreiningarvinnu eða hverjum þeim aðgerðum sem auka menntunarstig félagsmanna.

Starfsemi sjóðsins er fjölbreytt. Í daglegu starfi sjóðsins vegur þýngst afgreiðsla umsókna og styrkja til einstaklinga og fyrirtækja, kynning, umsjón og afgreiðsla verkefnisins Fræðslustjóri að láni og sértækir styrkir.

Verklag sjóðsins er á þann veg að félögin sem að honum standa, Efling, VSFK og Hlíf, sjá um alla umsýslu og útgreiðslu styrkja til sinna félagsmanna en styrkir til fyrirtækja eru afgreiddir af skrifstofu

Starfsafls. Umsóknir um einstaklingsstyrki sem eru ekki skýrar eru bornar undir framkvæmdastjóra Starfsafls og skotið til stjórnar, ef svo ber undir.

Stjórn Starfsafls setti sér starfsreglur vorið 2016 og nýttast þær sem verkfæri stjórnar Starfsafls og framkvæmdastjóra til að mæta þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir. Í starfsreglunum er m.a. tekið á skipun stjórnar og skiptingu starfa, markmið sjóðsins, helstu hlutverk og skyldur stjórnar, ábyrgð stjórnarformanns og form stjórnarfunda, ákvörðunarvald, atkvæðagreiðslur og hæfi stjórnarmanna.

Fundir stjórnar eru mánaðarlega frá hausti fram á vor. Þetta árið voru þeir alls átta talsins. Rík áhersla hefur verið lögð á stefnumótandi hlutverk stjórnar og svigrúm aukið til að beita sér á öðrum þeim sviðum er falla undir hlutverk sjóðsins. Í því felst að vera framsýn, mótandi og leiðandi ef svo ber undir, þegar kemur að fræðslu- og starfsmenntamálum.

Til viðbótar við fasta fundi stjórnar var haldinn opinn og vel sóttur ársfundur, annað árið í röð, og ljóst að viðburður af því tagi er kominn til að vera.

Þá vinnur Starfsafl með fjölda ráðgjafa sem sjá um framkvæmd Fræðslustjóra að láni eftir því sem þurfa þykir og eða koma með verkefni og hafa milligöngu um að þau séu styrkt og þá unnin samkvæmt þeim reglum sem við eiga.

Að síðustu er mikið og gott samstarf á milli Starfsafls og annara starfsmenntunarsjóða og felur það samstarf meðal annars í sér sameiginlegan rekstur á vefgátt, samþættingu reglna þar sem því er við komið og sameiginlega aðkomu að verkefnum, svo sem Fræðslustjóra að láni.

Reglur sjóðsins

Það er mikilvægt í síkviku atvinnulífi að starfsmenntasjóður á borð við Starfsafl sé sveigjanlegur og mæti þörfum hverju sinni en festist ekki í þunglamalegu regluverki. Þar af leiðir er verklag stjórnar og reglur sjóðsins í sífelldri endurskoðun.

Á starfsárinu voru gerðar lítilsháttar breytingar á reglum sjóðsins hvað varðar einstaklingsstyrki. Þá þurfti að skerpa á reglum og gera sýnilegri ákveðna þætti sem ekki eru styrkhæfir í styrkjum til fyrirtækja.

Helstu breytingar sem gerðar voru eru eftirfarandi:

1. Ferðastyrkir

Á árinu var tekin upp sú nýbreytni að veita styrki vegna ferða erlendis. Styrkur er veittur þeim sem ferðast erlendis í tengslum við starfstengt nám, námskeið eða ráðstefnu. Eingöngu er hægt að sækja um styrk vegna flugs, ekki rútu, leigubíla eða annars ferðamáta, og er hámarksferðakostnaður kr. 40.000,- á ári en þó aldrei meira en 50% af reikningi.

Þessi reglubreyting er tilkomin vegna aukinna fyrirspurna frá atvinnubílstjórum sem hafa verið og eru að sækja út fyrir landsteinana valnámskeið sem og önnur námskeið sem taka til lögbundinnar endurmenntunar bílstjóra og ekki eru kennd hér á landi. Niðurstaða stjórnar var sú að mikilvægt væri að koma til móts við þann hóp auk annara sem þurfa vinnu sinnar vegna að sækja námskeið erlendis. Skilyrt var að greitt sé fyrir námskeið- og ferðir af félagsmanni og með umsókn fylgi staðfesting á námi, námskeið eða ráðstefnu, sem sótt er.

2. Innleiðing og umsýsla fræðslu ekki styrkhæf

Skerpa þurfti á reglum sjóðsins og undirstrika að gjald eða kostnaður vegna innleiðingar á fræðslu væri ekki styrkhæf. Í því samhengi var lögð enn frekar áhersla á mikilvægi þess að reikningar væru sundurliðaðir.

3. Rafræn fræðsla

Starfsafl hefur styrkt rafræna fræðslu fyrirtækja og styður þar enn frekar við fyrirtæki sem vilja halda uppi öflugu fræðslustarfi. Margir þættir sem falla þar undir eru ekki þekktir og teljast til nýjunga í

fræðslustarfi og starfsmenntamálum almennt. Því hafa styrkir vegna rafrænnar fræðslu verið undir merkjum tilraunaverkefna og tekið sifelldum breytingum í takt við þarfir hverju sinni.

Töluvert bar á því á starfsárinu að stjórn sjóðsins bárust erindi þar sem þess var óskað að rafræn áskrift að námsgrunni væri styrkt. Stjórn telur mikilvægt að mæta þörfum fyrirtækja og starfsfólks og ljóst að fyrirtæki eru að færa sig sífellt meira út í rafræna fræðslu.

Stjórn samþykkti að veita styrki fyrir rafrænar áskriftir að námsgrunni sem eingreiðslu og þá hlutfall af kostnaði. Þá var það samþykkt að fyrirtæki sem fá styrk vegna þessa geti ekki sótt um frekari styrki vegna rafrænnar fræðslu það árið.

Því samhliða hefur verið lögð áhersla á að starfsfólki sé gefið svigrúm innan vinnutímans fyrir rafræna fræðslu.


Iðgjöld og styrkir

Tekjur Starfsafls eru starfsmenntaiðgjald sem er samningsbundið gjald atvinnurekenda til sjóðsins, eins og um er samið á hverjum tíma.


Iðgjöld til sjóðsins árið 2018 voru um 365 milljónir króna og er þar um að ræða rúmlega 11 % aukningu frá árinu áður sem er talsvert minni aukning á milli ára en verið hefur síðastliðin ár.

Heildarfjárhæð greiddra styrkja til fyrirtækja og einstaklinga var rúmar 253 milljónir króna.

Á myndinni hér fyrir neðan má sjá hvert hlutfall styrkja var af iðgjöldum sé litið allt aftur til ársins 2005.




Hér má sjá frekara niðurbrot á iðgjöldum og styrkjum árið 2018.




Styrkir til einstaklinga

Mikill fjöldi einstaklinga sækir um styrk til starfsnáms eða tómstunda á ári hverju enda mikilvægt að sækja nýja þekkingu og færni í atvinnulífi sem tekur sífelldum breytingum.


Fjöldi styrkumsókna þetta árið var örlítið lægri en árið áður, eða alls 3374 umsóknir samanborið við 3340 árið áður.




Heildarstyrkfjárhæð hefur hinsvegar vaxið töluvert og er aukning á milli ára um 27%. Í ársbyrjun 2018 voru styrkir til einstaklinga hækkaðir úr 75.000,- í 100.000,- sem skýrir þessa hækkun. Sjóðurinn stóð vel og mikilvægt að leyfa félagsmönnum að njóta þess.



Það er einnig mjög áhugavert að kynjahlutfallið er nokkuð jafnt þar á milli ára þar sem svipaður fjöldi karla og kvenna sækir í sjóðinn og á það við umsóknir styrkja hjá öllum félögum.




Ef rýnt er í það hvaða námskeið félagsmenn eru að sækja þá er íslenskan þar efst á blaði. Það skýrist af þeim fjölda einstaklinga af erlendu þjóðerni sem sækja í sjóðinn og tungumálakunnátta verður alltaf partur af því að aðlagast samfélaginu. Því næst kemur háskólanám og að síðustu almennt nám í framhaldsskóla en mikið af ungu fólki safnar réttindum í sjóðnum með sumarvinnunni eingöngu og nýtir þann rétt til greiðslu náms-og skólagjalda



Fjöldi félagsmanna af erlendum uppruna hefur fjölgað töluvert innan stéttarfélaganna á liðnum árum. Sú fjölgun speglast að sjálfsögðu í styrkjum starfsmenntasjóðanna og er það svo að 44% styrkja renna til einstaklinga með íslenskt ríkisfang, 28% til Pólverja og 28% til einstaklinga af öðru þjóðerni eins og sjá má á myndinni hér fyrir neðan.

Upprunaland



Einstaklingar af pólskum uppruna eru langflestir en til viðbótar eru þjóðlöndin rétt um 90 talsins.

✓ Afganistan	✓ Indland	✓ Pólland
✓ Albanía	✓ Indónesía	✓ Rúmenía
✓ Alsír	✓ Írak	✓ Rússland
✓ Angóla	✓ Íran	✓ Saír
✓ Armenía	✓ Ísland	✓ Sambía
✓ Austurríki	✓ Ítalía	✓ Senegal
✓ Bandaríkin	✓ Júgóslavía	✓ Serbía
✓ Belgía	✓ Kanada	✓ Simbabve
✓ Brasilía	✓ Kenía	✓ Síle
✓ Bretland	✓ Kína	✓ Slóvakía
✓ Búlgaría	✓ Kólumbía	✓ Slóvenía
✓ Danmörk	✓ Kósóvó	✓ Spánn
✓ Dóminíska	✓ Króatía	✓ Srí Lanka
lýðveldið	✓ Kúba	✓ Sviss
✓ Ekvador	✓ Lettland	✓ Svíþjóð
✓ Epíópía	✓ Litháen	✓ Sýrland
✓ Filippseyjar	✓ Makedónía	✓ Taíland
✓ Finnland	✓ Malasía	✓ Tékkland
✓ Frakkland	✓ Marokkó	✓ Tékkóslóvakía
✓ Gambía	✓ Mexíkó	✓ Tógó
✓ Gana	✓ Mongólía	✓ Trínidad og Tóbagó
✓ Georgía	✓ Mósambík	✓ Túnis
✓ Grikkland	✓ Namibía	✓ Tyrkland
✓ Grænhöfðaeyjar	✓ Nepal	✓ Ungverjaland
✓ Gvatemala	✓ Nígíría	✓ Úganda
✓ Gvæjana	✓ Pakistan	✓ Úkraína
✓ Holland	✓ Palestína	✓ Venesúela
✓ Hondúras	✓ Perú	✓ Víetnam
✓ Hvíta-Rússland	✓ Portúgal	✓ Þýskaland

Styrkir til fyrirtækja

Það er mikilvægt að hlúa að mannauð fyrirtækja og veita viðeigandi fræðslu. Ávinningurinn er margþættur og ber þá hæst aukin starfsánægja en ánægður starfsmaður leiðir alla jafna af sér ánægðan viðskiptavin. Góð jafna sem vert er að hafa í huga.

Þá eiga sér sífellt stað breytingar sem geta haft áhrif á starfsumhverfi fyrirtækja, svo sem með auknum lagalegum kröfum um menntun starfsfólks. Sem dæmi þar má nefna lög sem taka til endurmenntunar atvinnubílstjóra. Starfsafl styrkir þá endurmenntun eins og reglur segja til um og hefur markvisst kynnt það til fyrirtækja, en alls sóttu 29 fyrirtæki um styrk vegna endurmenntunar til Starfsafls árið 2018.

Annað nám sem verður til vegna breytinga á laga- og eða rekstrarumhverfi fyrirtækja er nám dyravarða. Það er meðal annars ætlað starfandi dyravörðum og aðeins þeir sem lokið hafa námskeiði og sem lögreglustjóri hefur samþykkt, geta starfað sem dyraverðir. Vegna þessa fór fjöldi dyravarða á námskeið og var styrkur Starfsafls vegna þessa um milljón krónur og náði til um 30 dyravarða.

Þess utan var sótt í sjóðinn vegna ýmissa námskeið, svo sem samskipta, gæðamála, þernu- og þjónustunámskeiða. Af nógu er að taka og áhugavert að sjá hversu metnaðarfullt starf er víða innan fyrirtækja í starfsmenntamálum og fagnar Starfsafl því að geta lagt afl á vogarskálarnar.

Þá hefur Áttin fest sig í sessi en með vefgáttinni hefur fyrirtækjum verið gert kleift að sækja um styrki í marga sjóði með einni einfaldri aðgerð. Það felur í sér gríðarlegt hagræði fyrir stjórnendur fyrirtækja.

Fjöldi styrkumsókna

Alls bárust sjóðnum 465 umsóknir frá fyrirtækjum á árinu og þar af voru greiddir styrkir 388 talsins til 118 fyrirtækja. Heildarfjárhæð styrkja til fyrirtækja var tæpar 58 milljónir króna. Á bak við þær tölur eru um 9000 starfsmenn fyrirtækja sem er um þriðjungur félagsmanna. Styrktar námskeiðsstundir voru að sama skapi rétt um 9000. Það er því ljóst að Starfsafl er sterkur bakhjarl og sífellt fleiri stjórnendur fyrirtækja þekkja til sjóðsins og nýta þær leiðir sem þar eru mögulegar.



Höfnun umsókna


75 umsóknir hlutu ekki afgreiðslu og var hafnað af fræðslusjóðnum. Vinnureglur Starsafls eru á þann veg að vanti gögn þá er sendur póstur eða hringt símtal og kallað eftir gögnum. Ef meira en 4 vikur líða frá því að umsókn er lögð inn án þess að tilskilin gögn eða leiðréttingar á gögnum hafa borist, er umsókn hafnað.

Helstu ástæður þess að umsókn er hafnað eru vegna eftirfarandi þátta.


- Starfsfólk ekki félagsmenn
- Komin í leyfilegt hámark
- Röng kennitala
- Umsækjandi stofnaði óvart nýja umsókn
- Vantar upplýsingar um stéttarfélag
- Reikningurinn ekki skráður á fyrirtækið
- Umsækjandi er atvinnurekandi
- Umsókn er vegna prófa- og skírteinisgjalda

Afgreiddir styrkir


Hvert fyrirtæki um sig getur fengið að hámarki 3 milljónir króna á ársgrundvelli. Aðeins örfá fyrirtæki og þá aðeins þau stærri geta fullnýtt sér þann rétt. Á myndinni má sjá skiptingu á fjölda fyrirtækja og samanlagðrar styrkuppþæðar en 20 fyrirtæki fengu undir 50.000,- í styrk á árinu, sami fjöldi 50.000 til 100.000,- og svo framvegis.



Þau fyrirtæki sem sóttu í sjóðinn eru í margvíslegum rekstri eins og fiskvinnslu, hótélrekstri, iðnaði, verktöku og öryggisþjónustu, svo dæmi séu tekin og sjá má á myndinni hér fyrir neðan.



Þau námskeið sem styrkt eru bera oft en ekki keim af þeirri starfsemi sem fyrirtækið er í. Þá styrkja mörg fyrirtæki sitt starfsfólk til aukinnar hæfni sem hefur með sjálfsstyrkingu, leiðtogahæfni, tímastjórnun og annað það sem eflir hæfni og getu að gera. Á myndinni hér fyrir neðan má sjá hvernig skipting er sé litið til efnisþátta námskeiðs.



Eigin fræðsla

Fyrirtæki geta sótt um styrki til að kosta eigin fræðslu sem fram fer innan fyrirtækjanna með eigin leiðbeinendum. Reglurnar fela í sér að heimilt er að veita styrki samkvæmt tilteknum verklagsreglum og í flestum tilfellum er um að ræða sérhæfða fræðslu sem ekki er hægt að kaupa frá sjálfstæðum fræðsluaðilum. Má þar nefna þjálfun samkvæmt skilgreindum þjálfunarferlum almennra starfsmanna til dæmis í þjónustu og framleiðslu sérhæfðra vara. Sótt er um styrki vegna eigin fræðslu á sama hátt og aðkeypta en heimild þarf frá sjóðnum áður en sótt er um í fyrsta sinn.

Rafræn fræðsla

Það færist sífellt í aukana að fyrirtæki sækja um styrki vegna rafrænnar fræðslu. Á árinu voru afgreiddar nokkrar slíkar umsóknir sem þá tóku til áskriftar að rafrænum námsgrunnum. Styrkirnir voru sambærilegir við styrki vegna aðkeyptrar fræðslu eða 75% af reikningi.


Námskeið atvinnubílstjóra

Það er áhugavert að skoða síðan enn frekar námskeið atvinnubílstjóra sem er annar stærsti liðurinn í styrkveitingum til fyrirtækja.

Á árinu 2015 tók gildi breyting á umferðarlögum sem fól í sér kröfu um endurmenntun ökumanna stórra ökutækja. Samkvæmt breytingunni skyldu ökumenn sækja sér 35 stunda endurmenntun á fimm ára fresti. Sú lagasetning hefur haft þau áhrif að hátt hlutfall umsókna í sjóðinn er vegna námskeiða atvinnubílstjóra og þá einna helst vegna áður nefndarar endurmenntunar.

Eins og sjá má á myndinni hér fyrir neðan eru 88% styrkja til atvinnubílstjóra vegna lögbundinnar endurmenntunar, 10% vegna meiraprófa og aukinna ökuréttinda og 2% vegna ADR réttinda.

Heildarfjárhæð þessara styrkja var rétt undir 15 milljónum króna.




Starfsafl er sannarlega sá sjóður sem finnur mest fyrir áhrifum af þeirri lagasetningu sem tekur til endurmenntunar en því samhliða er gott að vita að sjóðurinn geti verið það bakland sem fyrirtækin og þeir einstaklingar sem þar starfa þurfa þegar kemur að endurmenntuninni. Hinsvegar er sorglegt til þess að vita að sú aukning sem hefur orðið í greiðslu styrkja til fyrirtækja almennt séð er mikið til vegna þessarar lögbundnu fræðslu sem getur haft þau áhrif að þeir sem starfa við akstur fá ekki frekari styrk innan síns fyrirtækis til að efla sig í starfi.

Fræðslustjóri að láni

Fræðslustjóri að láni er góð leið fyrir fyrirtæki til að koma fræðslu- og starfsmenntamálum í farveg. Mikilvægt er að rétti tímapunkturinn sé valinn til að fara í verkefnið þar sem alla jafna er aðeins hægt að fá Fræðslustjóra að láni einu sinni með styrk frá Starfsafl. Því ber að hafa í huga að framtíðarsýn fyrirtækisins sé skýr og markmið þekkt og að þarfagreiningin taki mið af stefnu fyrirtækis svo markmiðum sé náð.

Á árinu 2017 voru 10 ár frá því að fyrsti samningurinn var undirritaður og frá þeim tíma hefur ekki verið farið í heildstæða skoðun á verkefninu en ýmis merki á lofti um að endurskoðunar væri þörf. Af þeim sökum var ákveðið að ráðast í það verkefni að skoða verkefnið í heild sinni. Menntavísindasvið Háskóla Íslands tók verkefnið að sér og eru skil ætluð vorið 2019.

Á árinu var óvenju mikið um umsóknir um Fræðslustjóra að láni og hafa þær aldrei verið fleiri. Alls bárust sjóðnum 33 umsóknir og 21 samningur var undirritaður.



Félagsleg fræðsla

Starfsafl styrkir fræðslu sem telst til félagslegrar fræðslu innan Eflingar og er félagsmönnum því að kostnaðarlausu. Fræðslan fer fram í húsakynnum Eflingar og er alla jafna vel sótt. Árið 2018 var sá styrkur á fjórðu milljón króna.

Þau námskeið sem telja til félagslegra fræðslu Eflingar voru til að mynda námskeið sem taka til sjálfseflingar, starfsloka og markþjálfunar, svo dæmi séu tekin.

Sértæk verkefni og styrkir

Á hverju ári berast Starfsafl styrkumsóknir vegna áhugaverðra verkefna og metur stjórn það hverju sinni hvernig það er afgreitt. Þá getur stjórn Starfsafls ennfremur átt frumkvæði að verkefnum eða styrkveitingum og eða tekið þátt í samstarfsverkefnum.

1. Hæfnigreining starfa

Samþykkt var í stjórn að vinna með Eflingu að hæfnigreiningu nokkurra starfa og var samið við Mímir Símenntun um vinnu verkefnisins. Hæfnigreining starfa felst í að kortleggja og skilgreina þá hæfni sem mikilvægt er að starfsmaður búi yfir til að árangur náist í starfi. Þess utan geta hæfnigreiningar starfa nýst á margvíslegan máta, samanber eftirfarandi upptalningu

- Grunnur fyrir gerð námsefnis – og námsbrauta.
- Við skipulag þjálfunar og gerð fræðsluáætlana.
- Við gerð starfsþróunarstefnu og starfsþróunaráætlana.
- Við starfsmannaval og ráðningar.
- Við gerð starfslýsinga.
- Sem viðmið um frammistöðu í starfi sem nota má í frammistöðumati.

Við hæfnigreiningarnar er notuð aðferð samkvæmt viðurkenndri aðferðafræði frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins sem byggir á efni frá kanadíska ráðgjafafyrirtækinu Human Resource System Group.

Þau störf sem ákveðið var að hæfnigreina voru eftirfarandi:

- Almenn störf og vaktstjórn á skyndibitastöðum
- Hópfarþáttstjórnar sem fara með vaktstjórn
- Öryggis- og dyraverðir
- Smur- og dekkjaþjónusta

Samþykkt var að verklok yrðu í byrjun árs 2019. Á árinu náðist að vinna þær greiningar sem lagt var upp með að undanskilinni þeirri síðast nefndu, en henni hefur verið frestað um óákveðinn tíma.

2. Menntadagur atvinnulífsins

Veittur var styrkur vegna Menntadags atvinnulífsins en dagurinn var nú haldinn í fjórða sinn.

Menntadagurinn er samstarfsverkefni Samorku, Samtaka ferðaþjónustunnar, Samtaka fjármála-fyrirtækja, Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, Samtaka iðnaðarins, Samtaka verslunar og þjónustu og Samtaka atvinnulífsins.

Að þessu sinni var yfirskrift dagsins nýjasta máltækni og vísindi. Á menntatorgi kynntu svo fræðsluaðilar starfsemi sína, þar með talið Starfsafl.



Markaðsókn og kynningar

Stjórnendur fyrirtækja eru misjafnlega í stakk búnir þegar kemur að fræðslu-og mannauðsmálum. Einnig getur það reynst örðugra í litlum fyrirtækjum að halda úti skipulagðri fræðslu og fjárfesta með þeim hætti í mannauð fyrirtækisins, þrátt fyrir mikinn vilja. Þá er það svo að lítil fyrirtæki telja oft, sökum smæðar, að hlutverk mannauðsstjórnunar sé minniháttar. En reyndir er sú, að um leið og starfsmaður er komin á launaskrá, þá þarf að huga að mannauðsstjórnun og öllu því sem í henni felst, þ.m.t. fræðslu og starfsþróun. Það er mikilvægt ef vel á að vera, því fyrirtæki sem sjá ekki hag eða hafa ekki tök á því að efla sitt starfsfólk, geta auðveldlega beðið lægri hlut í samkeppni um viðskiptavinum. Fyrirtæki sem nýta sér rétt sinn hjá Starfsafla geta sannarlega lækkað kostnað vega fræðslu sinna starfsmanna. Það að þekkja til sjóðsins er því mikilvægt hverjum þeim sem er í rekstri og með starfsfólk innan þeirra stéttafélaga sem standa að sjóðnum.

Ýmsar leiðir eru nýttar til að koma Starfsafla á framfæri, svo sem með sýnileika á fundum og kynningum, með fréttaskrifum og beinum markpóstum. Þá hefur verið farin sú leið til að kynna Starfsafla enn frekar fyrir fyrirtækjum, að bjóða þeim á skrifstofu Starfsafls. Ýmis tækifæri eru nýtt til þess, svo sem á upphafsfund vegna Fræðslustjóra að láni, en áður fóru slíkir fundir fram innan fyrirtækjanna og hending að viðskiptavinir sjóðsins kæmu á skrifstofu Starfsafls.

Þá er ársfundur Starfsafls nú opinn og fjölmennur, boðið er í kaffispjall á skrifstofu Starfsafls og svo mætti lengi telja.

Ársfundur Starfsafls

Ársfundur Starfsafls var haldinn venju samkvæmt að vori til og opinn öllum áhugasömum. Boð var sent á fulltrúa þeirra fyrirtækja sem hafa sótt í sjóðinn undanfarin ár, þá ráðgjafa sem hafa starfað með sjóðnum og á eigendur sjóðsins og velunnara. Það var því fjölmennur og góður hópur gesta sem sat fundin.

Dagskrá var áhugaverð og hófst á innleggi formanns stjórnar sjóðsins. Framkvæmdastjóri fór yfir árið auk þess sem sagt var frá verkefnum á sviði fræðslu og veitt innsýn í fræðslu fjögurra fyrirtækja lista, Íslandshótel, Kynnisferðir, Te og kaffi og Dominos, og kann Starfsafl stjórnendum þessara fyrirtækja bestu þakkir fyrir sitt framlag til fundarins.

Að loknum erindum var boðið upp á veitingar og var mikið spjallað og ljóst að fundur af þessu tagi er svo sannarlega kominn til að vera.



Morgunfundir Starfsafls

Á starfsárinu var haldið áfram með morgunfundi Starfsafls. Í því felst að þeim sem hafa með mannauðs- og fræðslumál að gera innan sinna fyrirtækja er boðið til morgunfundar á skrifstofu Starfsafls.

Góð þátttaka var sem fyrr á þá fundi sem haldnir voru og mikil almenn ánægja. Efni til umræðu var af ýmsum toga þar sem aldrei var fyrirbyggjandi dagskrá heldur komu gestir með umræðuefnið að borðinu,



Þekkingu var miðlað og mikilvægar teningar myndaðar. Heitasta umræðuefnið þennan veturinn var rafræn fræðsla og nokkuð ljóst að stjórnendur fyrirtækja eru í auknum mæli að efla rafræna fræðslu til sinna starfsmanna. Fyrir starfsmenn sjóðsins er gríðarlega mikilvægt að heyra hvað er efst á baugi í starfsmenntamálum fyrirtækja svo sjóðurinn geti starfað í takt við atvinnulífið en verði ekki einhver risaeðla sem engum þjónar nema sjálfum sér.

Bein markaðssókn


Þrátt fyrir að greiddar séu háar upphæðir í styrki til fyrirtækja þá er það svo að aðeins lítið brot þeirra fyrirtækja sem eiga rétt í sjóðinn nýta sér þann rétt eða undir 10% fyrirtækja.

Fyrirtæki sem telja 250 starfsmenn eða færri eru 99% allra fyrirtækja á Íslandi og eru skilgreind sem lítil og meðalstór fyrirtæki. Fyrirtæki sem hafa 50 starfsmenn eða fleiri eru meðalstór og þau sem hafa færri en 50 teljast þá til lítilla fyrirtækja. Þar af eru 90% þeirra með færri en 10 starfsmenn.

Stór fyrirtæki hafa alla burði til að ráða inn sérfræðinga og uppfylla ýmsar kröfur sem ört vaxandi atvinnulíf setur fram en lítil og meðalstór fyrirtæki standa oft frammi fyrir erfiðleikum sem ekki þekkjast innan stærri fyrirtækjanna.

Sem lið í markaðssókn var skoðað hlutfall þeirra fyrirtækja sem sækja í sjóðinn út frá fjölda starfsmanna í Eflingu stéttafélagi eins og sjá má á myndinni hér fyrir neðan en hún sýnir stöðuna um mitt ár. Hér bera að hafa í huga að stærðin er út frá fjölda starfsmanna í Eflingu en ekki heildarfjölda starfsmanna.

Hlutfall fyrirtækja sem hafa sótt í sjóðinn út frá fjölda starfsmanna í Eflingu




Gerð var áætlun sem tók mið af því að hafa samband við þau fyrirtæki sem ekki hafa nýtt sér sjóðinn og var veturinn nýttur í markvissa vinnu. Sendur var staðlaður póstur þar sem vakin var athygli á starfsemi Starfsafls og fyrirtæki hvött til að kynna sér þær reglur sem gilda. Það er skemmst frá því að segja að aukning varð töluverð og mikið um fyrirsurnir. Þá báurst sjóðnum umsóknir frá fyrirtækjum sem aldrei höfðu sótt um áður og til að mynda hafa öll fyrirtæki nú sem eru með 100 eða fleiri starfsmenn, nýtt sér sjóðinn.

Í framhaldinu verður markvisst unnið að því að ná til fyrirtækja með starfsfólk í Verkalýðsfélaginu Hlíf og Verkalýðs-og sjómannafélagi Keflavíkur.

Fréttir og greinar

Starfsafl áskilur sér þann rétt að fjalla um allar styrkveitingar til fyrirtækja. Tilgangurinn er sá að vekja athygli á og undirstika hversu sterkur bakhjarl sjóðurinn er þegar kemur að starfsmenntamálum fyrirtækja. Að því sögðu voru birtar rúmlega sjötíu fréttir á vef Starfsafls á starfsárinu auk greina í m.a. fréttablaði Eflingar.



Metfjöldi umsókna í nóvember



Síðasta kaffispjall ársins komið á dagskrá



Hótel Aurora fær Fræðslustjóra að láni

Kynningar á fundum

Að síðustu er mikilvægt að taka þátt í fundum og ráðstefnum þar sem fræðslu- og starfsmannamál eru til umræðu og eða á vettvangi atvinnulífsins, þar sem málin eru rædd og línurnar lagðar. Þá er samtalið mikilvægt fyrir framþróun sjóðsins og aðeins þannig getur sjóðurinn mætt þörfum atvinnulífsins. Að því sögðu var Starfsafl ásamt þeim sem standa að baki Áttinni með kynningarbás á Mannauðsdegi Flóru og Menntadegi atvinnulífsins, en hvorutveggja eru viðburðir sem hafa fest sig í sessi og eru vel sóttir.

Að síðustu, hvert skal haldið

Síbreytilegt starfsumhverfi kallar á fræðslu og þjálfun sem hentar starfsfólki svo það geti tekist á við starfsumhverfið hverju sinni, breyttar þarfir fyrirtækis og viðskiptavina.

Þau eru fjölmörg fyrirtækin hér á landi sem hafa sett sér fræðslustefnu og sækja til sjóðsins sbr. reglur þar um, enda getur munað um minna. Oftar en ekki er fræðslan staðbundin og notast er við aðkeypta ráðgjafa eða nýttur er sá mannauður sem er innan fyrirtækisins. Það má líka sjá breytingar þar á sem speglast í fleiri fræðsluleiðum. Það er ekki bara svo að fræðsla fari fram í afmörkuðu rými með einum leiðbeinanda heldur er rafræn fræðsla sífellt vinsælli og fyrirtæki leita leiða til að koma slíkri fræðslu á, með tilheyrandi hagræðingu fyrir alla hlutaðeigandi.

Ekkert er algilt en starfsmaður sem hlýtur viðeigandi þjálfun og fær tækifæri til að þróast í starfi finnur til öryggis og aukinnar ánægju í sínu starfi. Góð þjálfun starfsfólks tryggir að allir séu að vinna eftir sömu forskrift og hafi sameiginlega stefnu og sýn, ef vel tekst til. Þannig má ná tilætluðum árangri. Starfsfólk sem fær lélega eða enga starfsþjálfun yfirgefur fyrirtækið innan árs, ef mið er tekið af

rannsóknnum þess efnis. Mikil starfsmannavelta er kostnaðarsöm í ljósi þess að ráðning getur kostað margföld mánaðarlaun starfsmanns, hið minnsta, þekking tapast og tækifæri glatast.

Margir eiga erfitt með að aðlagast nýjum aðstæðum í ölduróti umbreytinga og tækninýjunga. Vinnustaðirnir eru margir hverjir ekki í stakk búnir til að mæta slíkum breytingum og búa ekki yfir þeirri þekkingu sem til þarf til að efla starfsfólkið sitt á því sviði.

Í Samstarfsáætlun Norrænu ráðherranefndarinnar í vinnumálum 2018 – 2020 segir eftirfarandi um stuðning við færniþróun sem löguð er að þörfum vinnumarkaðarins:

„Áhersla skal verða lögð á hvernig best megi þróa færni vinnandi fólks í samræmi við auknar kröfur um aðlögun að breytingum í atvinnulífinu og að tryggja að vinnuaflíð hverju sinni búi yfir þeirri færni sem vinnumarkaðurinn krefst.

Þörfin á færniþróun er sérlega mikilvæg fyrir einstaklinga með litla formlega starfsreynslu og litla grunnfærni og einstaklinga með hæfni sem samærmist ekki þörfum atvinnulífsins. Þessir hópar eru líka viðkvæmari fyrir umbreytingum á vinnumarkaði, meðal annars tækniþróun“

Þessar áherslur falla að stefnu og markmiðum sjóðsins og stjórn Starfsafls er heilshugar í því að vinna að þessum markmiðum og öðrum þeim er falla að aukinni færniþróun í atvinnulífinu.

Verkefnin eru næg. Beðið er með óþreyju eftir niðurstöðum úr greiningu á verkefinu Fræðslustjóri að láni. Þær niðurstöður munu verða nýttar til að efla verkefnið enn frekar og mæta þörfum fyrirtækja sem vinna að því að formfesta þjálfun sinna starfsmanna.

Breytingar á vinnumarkaði, fjórða iðnbyltingin og stafræn bylting eru áskoranir sem samfélagið stendur frammi fyrir. Samhliða þeim breytingum eins og áður hefur verið vikið að verður þörfin eftir lausnum og fjárstuðningi vegna fræðslu sem sett er fram með rafrænum hætti sífellt meiri og miklívægt að sjóðurinn bregðist við því og mæti þeim þörfum, öllum til hagsbóta.

Þeir eiginleikar sem vinnumarkaðurinn mun kalla eftir í framtíðinni eru framúrskarandi samskiptahæfni, hæfni til að takast á við breytingar og tileinka sér ný viðhorf og tækni, hæfileiki til að vinna með öðrum, sveigjanleiki og gagnrýnin hugsun. Samhliða því að styðja við fyrirtæki sem leita nýrra leiða til að koma fræðslu á framfæri þarf að vinna að því að gera fræðslu sem tekur á þessum þáttum hærra undir höfði.

Flestir eru sammála um mikilvægi vinnustaðar sem námsstaðar. Til að svo sé þarf að veita viðeigandi stuðning, stuðning sem er í takt við tímann og þarfir vinnumarkaðarins. Þar liggja verkefni og markmið Starsafls. Stjórn og starfsfólk sjóðsins leggur á það áherslu að vera umfram allt fagleg, markviss og stefnumiðuð í sínum störfum. Þannig náum við árangri.

starfsafl